

Viðmið vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík

Við ráðningu í stöðu skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík skal byggja á eftirfarandi:

- Lögum um leikskóla nr. 90/2008 þegar um er að ræða skólastjóra í leikskóla.
- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 þegar um er að ræða skólastjóra í grunnskóla.
- Lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. nr. 87/2008.
- Kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og SÍ og FSL.
- Stjórnsýslulögum og sveitarstjórnarlögum.

Í auglýsingu eftir skólastjórnendum þurfa að koma fram að lágmarki kröfur sem gerðar eru í ofangreindum lögum og kjarasamningum, auk þess verði óskað eftir upplýsingum um viðbótarmenntun, starfsreynslu og almenna starfshæfni, reynslu og hæfni í stjórnun og hæfni í mannlegum samskiptum.

Við gerð auglýsingar um skólastjórastöðu fer skrifstofustjóri fagskrifstofu á fund foreldraráðs/ skólaráðs, kynnir ráðningaferlið og fulltrúar í ráðinu fá tækifæri til að koma með tillögur um hæfniskröfur og einstaka áhersluþættir auglýsingar til viðbótar því sem lög gera kröfur um.

Ef um er að ræða sértækar kröfur vegna sérstöðu einstaka skóla þurfa þær að koma fram í auglýsingu.

Samþykktin tekur gildi 1. júní 2015 og með henni falla úr gildi viðmið menntaráðs Reykjavíkur við val á milli umsækjenda um skólastjórastöður í grunnskólum Reykjavíkurborgar, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Samþykkt í skóla- og frístundráði 1. apríl 2015 og í borgarráði 16. apríl 2015